



Hægt er að **yfirrita** ranga skráningu á hæð og þyngd ef rétt skráning er skráð **samdægurs**. Þá er einfaldlega skráð ný mæling samdægurs og birtist eftirfarandi gluggi þar sem smellt er á ‚yes‘



Ef ný mæling er ekki skráð samdægurs er hægt að **eyða/breyta** skráningu á eftirfarandi hátt:

Í vaxtalínuritsglugganum er smellt á ‚**yfirlit skráninga**‘



Í yfirlitsglugganum er smellt á ‚**Breyta/eyða**‘ hnappinn.

Dagsetning	Hæð	Þyngd	Stuðull
17.09.2012	110,9	15,0	12
18.11.2013	121,0	25,0	17
07.09.2015	129,0	25,0	15
03.01.2017	135,5	32,0	17
26.03.2019	155,5	55,0	23
11.09.2019	156,0	50,0	21
14.10.2019	160,0	60,0	23
24.01.2020	162,2	60,0	23
16.04.2020	165,0	65,0	24
12.05.2020	168,8	69,0	24
30.10.2020	171,0	0	0

Lítill gluggi birtist – **Velja þarf viðkomandi skráningu** sem á að eyða eða breyta í yfirlitsglugganum að ofan og smella á ‚**Ýta svo hér**‘. Þá færast viðkomandi skráning í gluggana.

### Eyða skráningu:

Smella á ‚Eyða‘ hnapp þegar búið er að velja í gluggann þá skráningu sem á að eyða. Smellt á ‚yes‘ í viðvörðunarglugganum sem birtist.

### Breyta skráningu:

Velja þá skráningu sem á að breyta. **Skrifað er ofan í röngu skráninguna þá réttu með einum aukastaf og síðan smellt á ‚Breyta‘**. Einnig er hægt að breyta dagsetningu ef þarf.

Dagsetning	Hæð	Þyngd	Stuðull
30.10.2020	1710	630	22

**Ath.** Þú getur einungis breytt/eytt skráningu sem þú hefur sjálf/ur skráð. Ef annar notandi hefur skráð ranga skráningu þarf að hafa samband á [iskra@heilsugaeslan.is](mailto:iskra@heilsugaeslan.is) eða í gegnum [beiðnakerfið](#).